


SELTJARNARNESBÆR

VIÐHORF TIL STJÓRNUNARHÁTTA YFIRMANNA 2015

Hjördís Sigursteinsdóttir

Ágúst 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ OG TÖFLUSKRÁ	3
INNGANGUR	4
YFIRMAÐUR MINN SETUR VINNUSTAÐNUM SKÝR MARKMIÐ	5
YFIRMANNI MÍNUM TEKST VEL AÐ LEYSA ÞAU STARFSMANNAVANDAMÁL SEM UPP KOMA Á VINNUSTAÐNUM 6	
YFIRMAÐUR MINN GERIR KRÖFUR UM VÖNDUÐ VINNUBRÖÐ	7
YFIRMAÐUR MINN LEIÐBEINIR OG GAGNRÝNIR Á UPPBYGGILEGAN HÁTT	8
YFIRMAÐUR MINN TEKUR VEL Í ÁBENDINGAR UM ÞAÐ SEM BETUR MÁ FARA	9
YFIRMAÐUR MINN KEMUR SÉR GJARNAN HJÁ ÞVÍ AÐ TAKA ERFIÐAR ÁKVARÐANIR	10
YFIRMAÐUR MINN SÝNIR MÉR SKILNING ÞEGAR ÉG ÞARF AÐ SINNA FJÖLSKYLDU OG EINKAMÁLUM.....	11
GÓÐIR STJÓRNUNARHÆTTIR	12
SAMANTEKT	13

MYNDASKRÁ OG TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Yfirmaður minn setur vinnustaðnum skýr markmið	5
Tafla 2. Yfirmanni mínum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum..	6
Tafla 3. Yfirmaður minn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð	7
Tafla 4. Yfirmaður minn leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt	8
Tafla 5. Yfirmaður minn tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara	9
Tafla 6. Yfirmaður minn kemur sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir	10
Tafla 7. Yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum	11
Mynd 1. Góðir stjórnunarhættir	12

INNGANGUR

Góð stjórnun getur stuðað að betri starfsánægju, starfsanda og vellíðan á vinnustað. Vellíðan í vinnu tengist upplifun starfsfólks á því hvernig vinnustaðnum er stjórnað og hvernig stjórnendur koma fram við starfsfólkið. Í þessari skýrslu er viðhorf starfsfólks til stjórnunarhátta sinna yfirmanna skoðað fyrir árið 2015. Niðurstöður er bornar saman við heildarniðurstöðu 16 annarra sveitarfélaga árið 2015.

Viðhorf til stjórnunarhátta yfirmanna var mælt með sjö staðhæfingum; (1) „Yfirmaður minn setur vinnustaðnum skýr markmið“, (2) „Yfirmanni mínum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem koma upp á vinnustaðnum“, (3) „Yfirmaður minn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð“, (4) „Yfirmaður minn leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt“, (5) „Yfirmaður minn tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara“, (6) „Yfirmaður minn kemur sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir“ og (7) „Yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Svarmöguleikar fengu tölugildi á bilinu 1-5 þar sem 1 var mjög sjaldan eða aldrei og 5 var mjög oft eða alltaf þannig að hærra tölugildi þýðir betri niðurstaða. Kvarðanum á staðhæfingu 6 var snúið við þannig að hærra tölugildi væri betra en lægra. Öllum sjö staðhæfingunum var steyppt saman í eina breytu – Góðir stjórnunarhættir.

Skýrslunni er skipt upp í níu hluta, einn fyrir hverja staðhæfingu, niðurstaða fyrir góða stjórnunarhætti og samantekt.

YFIRMAÐUR MINN SETUR VINNUSTAÐNUM SKÝR MARKMIÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn setur vinnustaðnum skýr markmið. Hærra meðaltal þýðir að yfirmaður setjir vinnustaðnum oftar skýr markmið.

Tafla 1. Yfirmaður minn setur vinnustaðnum skýr markmið

Yfirmaður minn setur vinnustaðnum skýr markmið												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	4	3,4	8	6,7	24	20,2	28	23,5	55	46,2	4,03
Öll sveitarfélög 2015	5464	147	2,7	382	7,0	1205	22,1	2056	37,6	1673	30,6	3,87

Í um 69,7% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmaður setur vinnustaðnum skýr markmið og mældist meðaltalið 4,03. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærri en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmaður setur vinnustaðnum skýr markmið fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni mældist 3,87.

YFIRMANNI MÍNUM TEKST VEL AÐ LEYSA ÞAU STARFSMANNA-VANDAMÁL SEM UPP KOMA Á VINNUSTAÐNUM

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmanni mínum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum. Hærra meðaltal þýðir að yfirmanni tekst oftar að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum.

Tafla 2. Yfirmanni mínum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum

Yfirmanni mínum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	5	4,2	7	5,9	24	20,2	45	37,8	38	31,9	3,87
Öll sveitarfélög 2015	5464	206	3,8	421	7,7	1296	23,7	2213	40,5	1327	24,3	3,72

Í 69,7% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmanni tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum og meðaltalið mældist 3,87. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmanni takist vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma á vinnustaðnum mældist 3,72 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

YFIRMAÐUR MINN GERIR KRÖFUR UM VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð. Hærra meðaltal þýðir að yfirmaður geri oft kröfur um vönduð vinnubrögð.

Tafla 3. Yfirmaður minn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð

Yfirmaður minn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	-	-	4	3,4	9	7,6	49	41,2	57	47,9	4,34
Öll sveitarfélög 2015	5464	61	1,1	155	2,8	723	13,2	2306	42,2	2219	40,6	4,18

Í 89,1% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmaður þess geri kröfur um vönduð vinnubrögð og meðaltalið mældist 4,34. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að vinnumaðurinn gerir kröfur um vönduð vinnubrögð mældist 4,18 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

YFIRMAÐUR MINN LEIÐBEINIR OG GAGNRÝNIR Á UPPBYGGILEGAN HÁTT

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt. Hærra meðaltal þýðir að yfirmaður leiðbeinir og gagnrýnir oftár á uppbyggilegan hátt.

Tafla 4. Yfirmaður minn leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt

Yfirmaður minn leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	4	3,4	8	6,7	22	18,5	46	38,7	39	32,8	3,91
Öll sveitarfélög 2015	5464	186	3,4	369	6,8	1141	20,9	2005	36,7	1762	32,2	3,88

Í 71,5% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmaður þess leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt og meðaltalið mældist 3,91. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmaður leiðbeinir og gagnrýnir á uppbyggilegan hátt mældist 3,88 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

YFIRMAÐUR MINN TEKUR VEL Í ÁBENDINGAR UM ÞAÐ SEM BETUR MÁ FARA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara. Hærra meðaltal þýðir að yfirmaður taki oftari vel í ábendingar um það sem betur má fara.

Tafla 5. Yfirmaður minn tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara

Yfirmaður minn tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara												
	Fjöldi	Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		Meðaltal
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Seltjarnarnesbær 2015	119	4	3,4	8	6,7	21	17,6	26	21,8	60	50,4	4,09
Öll sveitarfélög 2015	5464	180	3,3	318	5,8	1064	10,5	1879	34,4	2023	37,0	3,96

Í 72,2% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmaður þess taki vel í ábendingar um það sem betur má fara og meðaltalið mældist 4,09. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmaður tekur vel í ábendingar um það sem betur má fara mældist 3,96 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

YFIRMAÐUR MINN KEMUR SÉR GJARNAN HJÁ ÞVÍ AÐ TAKA ERFIÐAR ÁKVARÐANIR

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn kemur sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir. Við útreikninga á meðaltali fyrir þessa staðhæfingu var kvarðanum á henni snúið við þannig að hærra meðaltal þýðir að yfirmaður kemur sér sjaldnar hjá því að taka erfiðar ákvarðanir.

Tafla 6. Yfirmaður minn kemur sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir

Yfirmaður minn kemur sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	52	43,7	35	29,4	22	18,5	10	8,4	-	-	4,08
Öll sveitarfélög 2015	5464	2096	38,3	1748	32,0	949	17,4	422	7,7	249	4,6	3,92

Í 73,1% tilvika er starfsfólk fremur sjaldan eða mjög sjaldan eða aldrei á því að yfirmaður þess komi sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir og meðaltalið mældist 4,08. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmaður komi sér gjarnan hjá því að taka erfiðar ákvarðanir mældist 3,92 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

YFIRMAÐUR MINN SÝNIR MÉR SKILNING ÞEGAR ÉG ÞARF AÐ SINNA FJÖLSKYLDU OG EINKAMÁLUM

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: Yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum. Hærra meðaltal þýðir að yfirmaður sýnir mér oftar skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum.

Tafla 7. Yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum


Yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum												
		Mjög sjaldan eða aldrei		Fremur sjaldan		Stundum		Fremur oft		Mjög oft eða alltaf		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Meðaltal
Seltjarnarnesbær 2015	119	-	-	3	2,5	9	7,6	23	19,3	84	70,6	4,58
Öll sveitarfélög 2015	5464	85	1,5	154	2,8	641	11,7	1540	28,2	3044	55,7	4,34

Í 89,9% tilvika er starfsfólk fremur oft eða mjög oft eða alltaf á því að yfirmaður þess sýni sér skilning þegar það þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum og meðaltalið mældist 4,58. Meðaltalið fyrir þessa staðhæfingu er hærra en fyrir öll sveitarfélög í rannsókninni.

Meðaltalið fyrir það að yfirmaður sýni skilning þegar viðkomandi þarf að sinna fjölskyldu og einkamálum mældist 4,34 fyrir öll sveitarfélög sem tóku þátt í rannsókninni.

GÓÐIR STJÓRNUNARHÆTTIR

Í þessum hluta er heildarniðurstaða fyrir sjö staðhæfingar um yfirmenn og þeirra hegðun. Allar staðhæfingarnar voru lagðar saman og reiknað meðaltal. Meðaltalstölum var skipt upp í 5 flokka með 0,8 stigum í hverjum flokki.



Mynd 1. Góðir stjórnunarhættir

Sjá má að rúm 57% starfsfólksins upplifir það að yfirmenn viðhafi mjög oft eða alltaf góða stjórnunarhætti á vinnustaðnum og enginn upplifir að yfirmenn viðhafi mjög sjaldan eða aldrei góða stjórnunarhætti á vinnustaðnum.

Hlutfall starfsfólksins sem upplifir mjög oft eða alltaf góða stjórnunarhætti hjá yfirmönnum er mikið hærra en fyrir öll sveitarfélögin í rannsókninni og þá er einnig hlutfall þeirra sem upplifir að yfirmenn viðhafi mjög sjaldan eða aldrei góða stjórnunarhætti á vinnustaðnum lægra.

Hlutfall starfsfólks sem upplifir mjög oft eða alltaf góða stjórnunarhætti hjá yfirmönnum er 43,7 hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni og hlutfall þeirra sem upplifir mjög sjaldan eða aldrei góða stjórnunarhætti yfirmanna mældist 1,0.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er viðhorf starfsfólks til stjórnunarhátta sinna yfirmanna skoðað fyrir árin 2015 og 2019 en góðir stjórnunarhættir geta skipt sköpun varðandi vellíðan á vinnustað.

Niðurstöðurnar sýna að rúm 57% starfsfólksins upplifir að yfirmenn viðhafi mjög oft eða alltaf góða stjórnunarhætti á vinnustaðnum og enginn sem upplifði að yfirmenn viðhafi mjög sjaldan eða aldrei góða stjórnunarhætti á vinnustað.

Hlutfall starfsfólks sem upplifir mjög oft eða alltaf góða stjórnunarhætti hjá yfirmönnum er hærra en fyrir öll sveitarfélögin í rannsókninni og þá einnig hlutfall þeirra sem upplifir mjög sjaldan eða aldrei góða stjórnunarhætti hjá yfirmönnum á vinnustaðnum.

Helst má sjá að yfirmenn geti gert betur hvað varðar að setja vinnustaðnum oftar skýr markmið, taka betur á starfsmannavandamálum sem upp koma, leiðbeina og gagnrýna á uppbyggilegan hátt, gera oftar meiri kröfur um vönduð vinnubrögð, taka betur í ábendingar í það sem betur má fara á vinnustaðnum og koma sér sjaldnar frá því að þurfa að taka erfiðar ákvarðanir.